



Námsvísir Yfirlit yfir námsmarkmið og skipulag námseininga

Nemendastýrð viðtöl

Nemendur fylgja eftir fyrirfram mótuðu námsferli og halda samkvæmt því eitt viðtal á önn með sínu fólki, þ.e. umsjónarkennara og forsjáradilum. Nemendur boða sjálfir til fundanna, undirbúa og stjórna þeim samkvæmt markmiðum sem kennari setur.

Grunnpættir Aðalnámskrá Grunnskóla leggur fram sex grunnpætti, við skiptum starfsárinu upp og leggjum einn grunnpátt til grundvallar hverju sinni

SKÖPUN	HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	LÆSI	JAFNRÉTTI	LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI	SJÁLFBÆRNI
Að nemendur njóti þess að skapa og uppgötva, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit að lausn með ólíkum aðferðum hvers og eins.	Að nemendur kynnist sjálfum sér og sinni eigin líðan, kynnist fjölskyldu sinni, læri að þekkja sjálfa sig sem námsmenn og manneskjur í samfélagi manna og uppgötvi eigin styrkleika og veikleika sem og skráðar og óskráðar reglur.	Að nemendur tileinki sér mikilvægi læsis í viðum skilningi. Læri að tjá sig í ræðu og riti, tjá tilfinningar og skoðanir á öruggan og persónulegan hátt. Skilji hvaða tjáningarform henti þeim best og njóti þess að taka virkan þátt.	Að nemendur skilji hvernig allir hafi rétt á að fá að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis án fordóma og mismununar.	Að nemendur þekki rétt sinn til að hafa áhrif og taka þátt í samfélaginu, hafa tilgang. Skilja samfélög og tilgang þeirra, ástæður og tengsl við aðra mikilvæga þætti.	Að nemendur skilji að við berum ábyrgð á því að komið verði á sjálfbærni á jörðinni. Skilningur á eigin vistspori, vistspori samfélaga og þjóða sem stuðlar að sjálfbærri þróun og hófsemi.

Lotur sem byggja á grunnpáttum

21. ágúst til 4. október	7. október til 8. nóvember	11. nóvember til 3. janúar	6. janúar til 14. febrúar	17. febrúar til 10. apríl	22. apríl til 23. maí
Betra líf Ungringastig Miðstigi Yngsta stig Nemendur öðlast þekkingu á ólíkum menningarheimum og finna leiðir til að byggja upp og skapa réttlátt fyrirmyndarsamfélag. Nemendur útbúa líkan af samfélagi/þjóðfélagi þar sem áhersla er lögð á sjálfbærni ásamt velferð allra íbúa.	Nýlendustefna Ungringastig Miðstigi Yngsta stig Nemendur á mið- og ungringastigi kynna sér nýlendustefnuna og velja sér afmarkað efni til að skrifa um sem fer í sameiginlega bók bekkjarins. Yngsta stig mun vinna að sameiginlegri bók um lönd sem þau velja sér sjálf. Sameiginleg uppskeruhátíð/útgáfupartý allra skóla Vesturbyggðar verður haldin í Tálknafirði í lok lotunnar.	Jólin koma/ koma jól Ungringastig Miðstigi Yngsta stig Nemendur vinna með jólaljóðabækurnar koma jól, eftir Hallgrím Helgason og jólin koma eftir Jónas Hallgrímsson. Áhersla er lögð á lestur bókanna með jafnrétti, mannréttindi, fordóma og misrétti í huga. Nemendur skrifa sögu þar sem kynhlutverkum er snúið við, gera verkefni tengd jólakettinum og hlaðvarpspátt.	Valda í Skjalda Ungringastig bls. 14-19 Kvikmyndagerð Miðstigi bls. 13-18 Yngsta stig bls 11 - 14 Nemendur læra handritagerð, vinnuskipulag, sýni ábyrgð í vinnubrögðum og læri undirstöðuatriði í upptökum/ upplýsingatækni. Nemendur útbúa stuttmynd þar sem þemað er hrollvekjur/ draugasögur/ þjóðsögur. Uppskeruhátíð verður í lok lotunnar, stuttmyndahátíð í Skjaldborgarbíó. Byrjað verður á skólalblaði.	Árshátíð/ Skólalblað Ungringastig Miðstigi Yngsta stig Nemendur skipuleggja árshátíð Bíldudalsskóla. Leiksyning verður sett upp og sýnd í Baldurshaga í lok lotunnar. Nemendur vinna að skólalblaði þar sem fjölbreytt verkefni og skemmtiefni kemur fram frá líðnu skólaári.	Kenndu mér Ungringastig Miðstigi Yngsta stig Nemendur finna sinn styrkleika og hvar áhugi þeirra liggur. Þetta verkefni snýst um að hver og einn nemandi ákveður verkefni/svið/viðfangsefni sem þau kunna og vilja kenna öðrum. Þau skipuleggja eina kennslustund þar sem þau kenna samnemendum og kennurum sínum það sem þau kunna og hafa valið sér.

Sérstakir dagar

21. ágúst til 4. október	7. október til 8. nóvember	11. nóvember til 3. janúar	6. janúar til 14. febrúar	17. febrúar til 10. apríl	22. apríl til 23. maí
Dagur læsis Dagur íslenskrar náttúru Evrópski tungumáladagurinn 04.10. Nemendastýrð viðtöl 30.09. Starfsdagur	Báráttudagur gegn einelti Alþjóðadagur barna Ólympíuhlaupið Hrekkjavaka 10.10. Íþróttadagur ungringastigs (Bolungarvík) 17.10. Íþróttadagur miðstigs (Bíldudal) 23.10. Kabuki dagurinn 28.-29. okt vetrarfrí 30.10. starfsdagur	Dagur íslenskrar tungu Dagur mannréttinda barna Fullveldisdagurinn Aðventa Jól 19.12. Litlu jólin 02.01. Starfsdagur	Dagur leikskólans Dagur tónlistarskólans Dagur íslenska tákna málsins 24.01. Bóndadagskaffi 10.02. Starfsdagur 14.02. Nemendastýrð viðtöl	Árshátíð Dagur stærðfræðinnar 21.02. Konudagskaffi 03.03. Bolludagur 04.03. Sprengidagur 05.03. Öskudagur 07.-10. mars Vetrarfrí 12.-21. apríl Páskafri	Dagur jarðar Íslenskur dagur umhverfisins 24.04. sumardagurinn fyrsti 02.05. Starfsdagur 26.-30. maí vordagar 29.05. uppstigningardagur 02.06. skólaslit

Gildi

Unnið er með hverja dyggð á fjölbreyttan hátt yfir tímabilið. Hugarkortagerð, dæmisögur, þakklætisdagbók, hlutverkaleikir, kynningar, þrautir og fl.

21. ágúst til 4. október	7. október til 8. nóvember	11. nóvember til 3. janúar	6. janúar til 14. febrúar	17. febrúar til 10. apríl	22. apríl til 23. maí
Samskipti	Samvinna	Ábyrgð	Þrautseigja	Hugrekki	Þakklæti

Stærðfræði

Í öllum verkefnum stærðfræðinnar flettast inn flokkarnir Að geta spurt og svarað með stærðfræði, Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, úr aðalnámskrá grunnskólanna.



21. ágúst til 4. október	7. október til 8. nóvember	11. nóvember til 3. janúar	6. janúar til 14. febrúar	17. febrúar til 10. apríl	22. apríl til 23. maí
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar Nemendur geri sér grein fyrir því hvernig peningar og fjármál hafa áhrif á einstaklinga og hvernig þau tengjast ýmsum þáttum þjóðfélagsins. Þjálfist í að setja sér markmið og taka ábyrgð þegar kemur að fjármálum.	Tölur og reikningur Nemendur læra um brot, mengi, stórar tölur og tugakerfi.	Reikniaðgerðirnar fjórar Nemendur læra að nota reikniaðgerðirnar fjórar og þjálfast í að nota rétt stærðfræðihugtök. Þá verður farið í margföldunartöflurnar 1-5 ásamt því að nemendur þjálfast í hugar- og blaðreikningi í samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu.	Tölfræði og líkindi Nemendur læra á myndrit og töflureikna og hvernig á að gera tölfræðikannanir.	Tölfræði og líkindi Nemendur læra um líkur og gera líkindatilaun. Algebra Nemendur læra reglur algebru og tengingu hennar við mynstur. Nemandi getur túlkað jöfnur í hnitakerfi og notað teikningar í hnitakerfi til að leysa þær.	Rúmfræði og mælingar Nemendur læra að skipulaga eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi. Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar Nemendur geri sér grein fyrir því hvernig peningar og fjármál hafa áhrif á einstaklinga og hvernig þau tengjast ýmsum þáttum þjóðfélagsins. Þjálfist í að setja sér markmið og taka ábyrgð þegar kemur að fjármálum.

Kjarni/Íslenska

21. ágúst til 4. október	7. október til 8. nóvember	11. nóvember til 3. janúar	6. janúar til 14. febrúar	17. febrúar til 10. apríl	22. apríl til 23. maí
Talað mál, hlustun og áhorf Nemendur læra og vinna verkefni með áherslum á framsögn, tjáningu, rökræður og að taka eftir. Unnið með heimildaskráningu.	Ritun/málfræði Nemendur fara í allskyns ritunarverkefni þar sem áhersla er á stafsetningu, að draga rétt til stafs, ritun á tölvum og að semja texta út frá sjálfinu. Nemendur þjálfast í grunnþáttum málfræðinnar. Unnið með heimildaskráningu.	Lestur og bókmenntir Nemendur læra um bókmenntahugtök skoða jóbabækur, eru með bókaklúbba, mæla með bókum fyrir samnemendur og skrifa ljóð. Nemendur læra einnig um mismunandi gerðir bókmennta.	Ritun Nemendur læra handritagerð og uppsetningu þess og setja saman skólablað. Áherslur verða m.a. skipulag efnisgreina og málsgreina. Að nemendur geti skrifað mismunandi textagerðir og vandað frágang.	Lestur og bókmenntir Nemendur lesa handrit í tengslum við uppsetningu leikverks fyrir árs hátíð skólans. Samlestur og leikræn tjáning.	Málfræði Nemendur læra og vinna verkefni með orðflokka greiningum, kyn og tölu orða, orðtök og málshætti í setningum, beygingarreglum og að nota orðabækur eða stafrófið.

Morgunstundir

Kennarar í samvinnu með nemendum stýra morgunstundum þar sem áherslur eru á hreyfingu, umræður og ákveðin viðfangsefni hverju sinni.

21. ágúst til 4. október	7. október til 8. nóvember	11. nóvember til 3. janúar	6. janúar til 14. febrúar	17. febrúar til 10. apríl	22. apríl til 23. maí
Áhersluþættir: <ul style="list-style-type: none"> hreyfing verkefni fræðsla umræður 	Áhersluþættir: <ul style="list-style-type: none"> hreyfing verkefni fræðsla umræður 	Áhersluþættir: <ul style="list-style-type: none"> hreyfing verkefni fræðsla umræður 	Áhersluþættir: <ul style="list-style-type: none"> hreyfing verkefni fræðsla umræður 	Áhersluþættir: <ul style="list-style-type: none"> hreyfing verkefni fræðsla umræður 	Áhersluþættir: <ul style="list-style-type: none"> hreyfing verkefni fræðsla umræður

Erlend tungumál

21. ágúst til 4. október	7. október til 8. nóvember	11. nóvember til 3. janúar	6. janúar til 14. febrúar	17. febrúar til 10. apríl	22. apríl til 23. maí
Ritun Nemendur vinna fjölbreytt ritunarverkefni þar sem áhersla er lögð á að skrifa samfelldan texta, beita grunnreglum málfræði og stafsetningar og nota fjölbreyttan orðaforða.	Meningarlæsi Megináhersla lögð á að nemandi kynnist menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis. Að kynnast daglegu lífi fólks á viðkomandi svæði og geti borið saman við sínar eigin aðstæður í daglegu lífi.	Ritun og lesskilningur Nemendur vinna fjölbreytt ritunarverkefni þar sem áhersla er lögð á að skrifa samfelldan texta, beita grunnreglum málfræði og stafsetningar og nota fjölbreyttan orðaforða. Lesnir verða danskir textar og orðaforði um jólin og unnið með það.	Hlustun Nemendur horfa á myndefni á ensku og dönsku, eiga samræður og ígrunda eftir áhorf. Tungumálin töluð í kennslustundum. Einnig áhersla á ritun.	Lesskilningur og frásögn Nemendur skoða ritað efni á ensku/dönsku í bókum, blöðum eða á vefsíðum og segja frá á íslensku. Megináhersla lögð á að nemandi geti tjáð sig á einföldu máli og notað orðaforða sem unnið hefur verið með. Þjálfast í málnotkun og framburði.	Samskipti Megináhersla lögð á talæfingar þar sem nemendur sýna fram á að þeir geti spjallað saman á viðkomandi tungumáli um efni sem þeir þekkja. Geti beitt máli og framburði af nokkru öryggi.

Skólaíþróttir

21. ágúst til 4. október	7. október til 8. nóvember	11. nóvember til 3. janúar	6. janúar til 14. febrúar	17. febrúar til 10. apríl	22. apríl til 23. maí
Öryggis og skipulagsreglur Nemendur útskýra öryggisreglur í sundi og íþrottahúsi og búa til veggspjald með því sem þau telja mikilvægt að framfylgja.	Félagslegir þættir Leikir og kynning á allskonar íþróttum. Læra að leika saman og að vera góður liðsfélagi.	Líkamsvitund leikni og afkastageta Búa til hreyfibraut, taka þol og þrekpróf Boðhlaupskeppni Fimleikaæfingar	Félagslegir þættir Skipulagðar hópiþróttir og að vinna í hópi Farið yfir líkamsvitund og kynheilbrigði, hægt að nota efni viku 6. Sem kemur út í byrjun febrúar eða uge sex á dönsku.	Líkamsvitund leikni og afkastageta Þol og þrekpróf Stöðvavinna þar sem þol, þrek, hreysti, lipurð og samhæfing eru á hverri stöð.	Heilsa og efling þekkingar Setja sér SMART markmið fyrir sumarið. Nemendur fá vöðvahóp eða íþrótt til að útbúa æfingar fyrir, upphitun, þjálfun og teygjur.



<h2>Upplýsingatækni</h2> <p>Fléttast inn allar námslotur</p>					
21. ágúst til 4. október	7. október til 8. nóvember	11. nóvember til 3. janúar	6. janúar til 14. febrúar	17. febrúar til 10. apríl	22. apríl til 23. maí
Upplýsingaöflun og úrvinnsla Nemendur læra að setja upp töluleg gögn og þau forrit og rafrænu töl sem unnið verður með á þessu skólaári.	Vinnulag og vinnubrögð Nemendur vinna með fingrasetningu og að vinna saman á rafrænu formi.	Siðferði og öryggismál Nemendur læra um netöryggi og upplýsingar sem koma af netinu	Tækni og búnaður Nemendur læra undirstöðuatriði í upptökum, tengja saman hljóð og mynd.	Sköpun og miðlun Nemendur búa til rafrænar kynningar m.a. í tengslum við árs hátíð skólans.	Upplýsingaöflun og úrvinnsla Nemendur læra að setja upp heimildaskrá.

Valgreinar

Nemendur eiga að geta valið um viðfangsefni sem einkum miða að því að víkka sjónvildarhring þeirra, stuðla að aukinni lífsfyllingu eða dýpka þekkingu, leikni og hæfni sína á tilteknum sviðum í samræmi við áhuga þeirra.

Fatalitun og merkja hönnun - Nemendur gera tilraunir með aðferðir við fatalitun t.d. með náttúrulegum litum, hnúta- og teygju litun og fl. Læra að hanna merki á flíkur og vörur.

Leikjaval í Byltu - Markmið að hafa gaman saman í fjölbreyttum hópeflisleikjum.

Einkaspæjarinn - Nemendur velja sér áhugaverð sakamál og leggja sjálf í rannsóknarvinnu á því máli, finna áreiðanlegar heimildir og kynna málið fyrir samnemendum og kennurum t.d. með hlaðvarpi, kynningum, umræðum og fl.

Líkamsrækt - Nemendur hafa val um að fara í líkamsræktina í Byltu til að styrkja líkama og sál. Hanna sitt eigið líkamsræktarprogram og fylgja því eftir.

Tónlistarskóli Vesturbyggðar - Nemendur geta nýtt tónlistartímann sinn í Tónlistaskóla Vesturbyggðar sem val tíma í skólanum.

Heimsmarkmið

Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna eru samþætt þemaverkefnum ef hægt er að koma því við. Nemendur eru hvattir til þess að vinna verkefni sem hafa áhrif á umhverfi okkar og heimsmynd og taka þannig beinan þátt í að vinna að því að ná markmiðum heimsmarkmiðanna.

Sjálfbærni	Lýðræði og mannréttindi	Læsi	Jafnrétti	Sköpun	Heilbrigði og velferð
21. ágúst til 4. október	7. október til 8. nóvember	11. nóvember til 3. janúar	6. janúar til 14. febrúar	17. febrúar til 10. apríl	22. apríl til 23. maí